

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 23. mars 2015 á Kjóavöllum.

2. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Kristín Njálisdóttir, Hermann Vilmundarson, Linda Gunnlaugsdóttir, Ragna Emilsdóttir, Lárus Finnbogason, Ólafur Blöndal og Magnús Benediktsson framkv.stj. Sigurður Tyrfingsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Skipulag Garðabæjar og umræða um Þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar. Málið rætt og ákveðið að Hmf. Sprettur sendi bréf til Garðabæjar og Kópavogsbæjar þar sem óskað verði eftir endurupptöku á skipulagi svæðisins.
3. Tjón á þulaskúrum/gámum. Búið er að tilkynna tjón sem varð á þulaskúrum í óveðrinu 14. mars sl. til VÍS. Kannað verður hvort hægt er að gera við þulaskúrana, ef ekki þá þarf að gera ráðstafanir varðandi leigu á gámum tímabundið. Einnig varð eitthvað vatnstjón á keppnisvöllunum sem þarf að yfirfara, sérstaklega í kringum aðkomuna að þeim.
4. Reiðskólar sumarsins. Lárus hefur unnið að málum gagnvart reiðskóla á svæðinu. Málið rætt.
5. Starfsmannamál rædd. Umsvif í kringum rekstur félagsins hafa aukist verulega á sl. ári. Gjaldkera falið að stilla upp hvaða verkefni er helst um að ræða sem þarf að vinna fyrir utan verkefni framkvæmdastjóra.
6. Kvinnadeild Sprettis. Kvinnadeildin hefur óskað eftir fundi með stjórn Sprettis til að ræða nánara samstarf. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að hitta fulltrúa kvinnadeildarinnar við fyrsta tækifæri.
7. Íslandsmótsnefnd. Verið er að ganga frá skipun í nefndina.
8. Íþróttamót og úrtakan fyrir HM. Íþróttamótið og úrtakan fyrir HM verður haldið 12. -14. júní.
9. Dymbilvikusýning. Búið er að skrá 30 atriði á sýninguna og eru það mest megnis ræktunarsýningar. Æska Sprettis mun taka þátt að vanda og þá verða atriði tengd íþróttamönnum Sprettis einnig á sýningunni.
10. Lokaúttekt reiðhalla – staðan. Áætlað var að lokaúttekt á húsinu yrði 1. febrúar sl. Varaformaður fer yfir málið með byggingarstjóra. Búið var að útbúa lista yfir galla og annað sem þarf að lagfæra.
11. Karla- og kvennatölt. Karlatölt Sprettis verður 27. mars nk. og kvennatöltið er dagsett 18. apríl nk.
12. Erindi tekið fyrir frá Bjarna Benediktssyni varðandi aðvörunarskilti. Húseigendur við Hamraenda hafa rekið sig á hversu hættulegt hornið er þegar komið er út úr Hamraendanum þar sem reiðvegurinn kemur þvert á bílaumferðina. Af þessu skapast slyshætta þegar hestar koma þvert fyrir akveginn en þarna er mun þrengra horn heldur en í hinum götunum vegna staðsetningar húsanna við enda götunnar sem fylla út í byggingarreiti sína. Óskað er

eftir því að stjórn beiti sér fyrir því gagnvart bæjaryfirvöldum að komið verði fyrir aðvörunarskiltum við allar göturnar á þessu svæði þar sem ábyrgðin er þeirra á uppsetningu umferðarskilta við götur.

Formanni og varaformanni falið að taka þetta upp á næsta fundi með fulltrúum bæjaryfirvalda Kópavogsbæjar.

13. Önnur mál. Lárus vakti máls á því að koma af stað hreyfingu á lóðamál á svæðinu. Á meðan ekki er auglýst eftir umsækjendum þá eru eðlilega engir að sækja um lóðir á svæðinu. Um er að ræða lóðir í landi Garðabæjar en svæðið í landi Kópavogs er að verða uppbyggt – þar eru einungis fimm lausar lóðir eftir. Stjórnarmenn sammála því að koma verði hreyfingu á þessi mál og kanna þurfi hvernig félagið sjálft geti komið að málum þessu tengdu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir